

## Greiðslumiðlun á Evrópska efnahagssvæðinu

### Inngangur

Örugg greiðslukerfi stuðla að traustu fjármálakerfi og fjármálastöðugleika. Viðast hvar gegna seðlabankar þýðingarmiklu hlutverki í greiðslukerfum landa sinna. Eitt af lögmætum hlutverkum Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu greiðslukerfi í landinu og við útlönd.<sup>2</sup> Að undanförmu hefur Seðlabankinn tekið frumkvæðið í því að breyta íslenskum greiðslukerfum til samræmis við alþjóðlegar kröfur.

En hverjar eru þessar kröfur og hver er grundvöllur þeirra? Að því er íslensk greiðslukerfi varðar má í stórum dráttum skipa þeim í tvo flokka. Til fyrri flokksins teljast leiðbeinandi tilmæli sem hafa verið mótuð af hálfu Alþjóðagreiðslubankans<sup>3</sup> og kveða á um vönduð vinnubrögð og traust umhverfi greiðslumiðlunar sem draga úr hættu á kerfisbresti.<sup>4</sup> Þessi tilmæli hafa verið nefnd kjarnareglurnar 10.<sup>5</sup> Þótt tilmælin séu ekki lagalega skuldbindandi hér á landi hefur það verið markmið Seðlabanka Íslands að móta íslensk greiðslukerfi þannig að þau uppfylli kröfur þeirra.<sup>6</sup>

Í síðari flokkinn falla reglur er varða greiðslumiðlun og greiðslukerfi sem teknar hafa verið inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Fyrst og fremst er þar um að ræða tilskipanir sem felldar hafa verið inn í viðauka IX við EES-samninginn um fjármálaþjónustu. Ísland er skuldbundið til þess að lögfesta þessar reglur.

Í þessari grein verður fjallað um þennan síðari flokk alþjóðlegra krafna, þ.e. EES-reglur um greiðslumiðlun og greiðslukerfi. Þessar reglur byggjast á EB-rétti og er því nauðsynlegt að fjalla nokkuð um helstu reglur EB-réttar á þessu sviði og þann mun sem er á EB-rétti og EES-rétti að þessu leyti. Þá verður fjallað um þau markmið sem mótuð hafa verið á vettvangi bandalagsins varðandi greiðslumiðlun og greiðslukerfi. Þau miða að mótun sameiginlegs greiðslusvæðis<sup>7</sup> í Evrópusambandinu og eru nátengd markmiðunum að baki innri markaðinum og myntbandalaginu. Þess má vænta að stofnanir bandalagsins setji nýja löggjöf á sviði greiðslumiðlunar til þess að ná þessum markmiðum. Í greininni verður fjallað um væntanleg áhrif þessa á EES-samninginn og EFTA-ríkin en þau eru skuldbundin til þess að lögfesta nýjar reglur um innri markaðinn sem teknar verða upp í EES-samninginn. Því má búast við að Ísland geti orðið bundið af nýjum reglum á þessu sviði.

### Reglur í EB-rétti um fjármagnsflutninga og greiðslur

Frelsi í vöruviðskiptum, fólksflutningum, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningum á innri markaði bandalagsins byggist á því að ekki séu lögð höft á greiðslur. Rétturinn og skyldan til þess að koma á frjálsum flutningum fjármagns taka til þessarar forsendu fjórfrelsisins. Greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli aðildarríkja skulu því lausar við öll höft.<sup>8</sup>

Fyrir tilkomu Maastrichtsamningsins var kveðið á um frjálsta fjármagnsflutninga í 67.-73. gr., sbr. 106. gr. Rómarsamningsins. Jafnframt var samþykkt af-

1. Höfundur starfar á fjármálasviði Seðlabanka Íslands sem staðgengill framkvæmdastjóra. Þau sjónarmið sem koma fram í greininni eru höfundar og ekki endilega þau sömu og sjónarmið Seðlabanka Íslands.

2. Sjá 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001.

3. Á ensku: Bank of International Settlements (BIS).

4. Tómas Örn Kristinsson, bls. 58-63.

5. Á ensku: 10 Core Principles for Systemically Important Payment Systems.

6. Hallgrímur Ásgeirsson, bls. 75-78.

7. Á ensku: Single Payment Area, á frönsku: Espace unique de Paiement, á þýsku: Einheitlicher Raum für den Zahlungsverkehr.

8. Kapteyn, P.J.G., og P. VerLoren van Themaat, bls. 767.

leidd löggjöf til þess að framkvæma þessi ákvæði. Með útgáfu *tilskipunar 88/361/EBE*<sup>9</sup> var stigið mikilvægt skref í að koma á frelsi í fjármagnsflutningum.

Með Maastrichtsamningnum voru m.a. gerðar breytingar á ákvæðum Rómarsamningsins um frjálsa fjármagnsflutninga. Nú er kveðið á um frjálsa fjármagnsflutninga í 56.-60. gr. (áður 73. gr. b, c, d, f og g)<sup>10</sup> samningsins. Eftir breytinguna gildir frelsi í fjármagnsflutningum nú einnig gagnvart ríkjum utan Evrópusambandsins. Fjármagnsflutningar milli aðildarríkja eru nú algerlega frjálsir. Allar hömlur á fjármagnsflutningum og greiðslum eru því bannaðar innan Evrópusambandsins án tillits til þess hvort þær fela í sér mismunun eða ekki. Ákvæðið hefur bein réttaráhrif.<sup>11</sup>

Um greiðslur er fjallað í 2. tl. 56. gr. (áður 73. gr. b) Rómarsamningsins en þar segir að innan ramma ákvæða 4. kafla samningsins um fjármagnsflutninga skuli öll höft á greiðslur milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og þriðju ríkja vera bönnuð.

#### *Efnahags- og myntbandalagið*

Frelsi að því er varðar fjármagnsflutninga og greiðslur var mikilvæg forsenda fyrir stofnun efnahags- og myntbandalagsins. Þá er sameiginlegum gjaldmiðli ætlað að reka smiðshöggjöf á mótun innri markaðsins.<sup>12</sup>

Kveðið er á um stefnuna í efnahagsmálum og peningamálum í 98.-124. gr. (áður 102. gr. a - 109. gr. m) Rómarsamningsins. Réttarheimildir í EB-rétti er varða myntbandalagið kveða m.a. á um mikilvægi greiðslumiðlunar og greiðslukerfa. Í 2. tl. 105. gr. (áður 105. gr.) Rómarsamningsins og 3. gr. *stofnsambýkta evrópska seðlabankakerfisins og Evrópska seðlabankans* eru tilgreind meginmarkmið seðlabankakerfisins. Eitt þessara markmiða er að stuðla að skilvirkri starfsemi greiðslukerfa. Samkvæmt 2. og 4.

tl. 114. gr. (áður 109. gr. c) Rómarsamningsins hefur svonefnd efnahags- og fjármálanefnd<sup>13</sup> m.a. það hlutverk að fylgjast með greiðslukerfum aðildarríkja. Samkvæmt 22. gr. stofnsambýkttanna getur Evrópski seðlabankinn gefið út reglugerðir til þess að tryggja skilvirkni og öryggi greiðslukerfa innan bandalagsins og við önnur ríki.

#### *Afleiddur EB-réttur*

Afleiddur EB-réttur<sup>14</sup> á sviði greiðslumiðlunar byggist á reglunum um innri markaðinn. Afleidda réttinum er almennt ætlað að auka frelsi í fjármagnsflutningum og efla innri markaðinn. Þá er afleiddur EB-réttur á þessu sviði einnig nátengdur reglunum um efnahags- og myntbandalagið og markmiðum þeirra. Þessi tengsl við innri markaðinn, frjálsa fjármagnsflutninga og efnahags- og myntbandalagið kemur skýrlega fram í aðfaraorðum þeirra tilskipana sem samþykktar hafa verið á sviði greiðslumiðlunar.<sup>15</sup> Verður nú gerð grein fyrir helstu gerðum EB-réttar á þessu sviði.

*Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 90/109/EBE frá 14. febrúar 1990 um upplýsingaskyldu banka í sambandi við fjármálaviðskipti milli landa*<sup>16</sup> kveða á um leiðbeinandi reglur m.a. varðandi upplýsingar um gjöld, umboðslaun og gengisskráningu, svo og þann tíma sem tekur að framkvæma yfirfærslu. *Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/489/EB frá 30. júlí 1997 um viðskipti með rafrænum greiðslumiðlum*<sup>17</sup> mæla m.a. fyrir um upplýsingar í skilmálum um útgáfu og notkun rafrænna greiðslumiðla, upplýsingar að loknum viðskiptum sem fara fram með rafrænum greiðslumiðli og skuldbindingar og ábyrgð samningsaðila. Þessi tilmæli eru ekki bindandi en geta þó haft visst túlkunargildi.<sup>18</sup>

9. Tilskipun ráðsins 88/361/EBE frá 24. júní 1988 um framkvæmd 67. greinar sáttmálans (Stjtið. EB nr. L 178, 8.7.1988, bls. 5). Í lok greinarinnar eru tilgreindar vefslóðir þar sem finna má þær réttarheimildir og skýrslur sem vitnað er til í greininni.

10. Tilvísanir í sviga tilgreina viðkomandi ákvæði Rómarsamningsins fyrir tilkomu Amsterdam-samningsins sem undirritaður var 2. október 1997.

11. Á ensku: direct effect. Sjá mál C-163/94 *etc. Sanz de Lera et al.* [1995] ECR I-4821, bls. 4837-4839.

12. Craig, Paul og Gráinne de Búrca, bls. 655-656. Á ensku: Economic and Financial Committee (áður Monetary Committee).

13. Á ensku: Economic and Financial Committee (áður Monetary Committee).

14. Í umfjöllun um EB-rétt er gerður greinarmunur á frumrétti og afleiddum rétti. Afleiddur réttur er settur af stofnunum bandalagsins og getur t.d. verið í formi reglugerða, tilskipana, ákvaða, tilmæla og álita.

15. Sjá hér 3. tl. aðfaraorða tilskipunar nr. 97/5/EB og 5 tl. aðfaraorða tilskipunar 98/26/EB. Sjá einnig aðfaraorð í tilmælum 90/109/EBE.

16. Stjtið. EB L 67, 15.3.1990, bls. 39.

17. Stjtið. EB L 208, 2.8.1997, bls. 52.

18. Auk þessara tilmæla hefur framkvæmdastjórnin gefið út tilmæli 87/598/EBE um rafrænar greiðslur (Stjtið. EB L 365, 24.12.1987, bls. 72) og tilmæli 88/590/EBE um greiðslukerfi og greiðslukort (Stjtið. EB nr. L 317, 24.11.1988, bls. 55).

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa*<sup>19</sup> kveður á um skyldur lánastofnana til þess að stuðla að gagnsæi og skilvirkni við framkvæmd færslna á fjármunum milli landa. Fram kemur í 6. lið aðfaraorða tilskipunarinnar að tilgangur hennar er að bæta þjónustu á sviði færslu fjármuna milli landa og gera greiðslur milli landa skilvirkari með undirbúning þriðja áfanga efnahags- og myntbandalagsins í huga. Tilskipunin byggist á 100. gr. a (nú 95. gr.) Rómarsamningsins en sú grein kveður á um lagasamræmingu í því skyni að ná markmiðum 14. gr. (áður 7. gr. a) samningsins um innri markað án innri landamæra.

Samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar skulu lána- stofnanir og aðrar stofnanir sem annast færslu fjármuna milli landa hafa til reiðu skriflegar upplýsingar fyrir viðskiptamenn sína um skilyrði fyrir færslunum, þ.m.t. tímamark sem tekur að afgreiða færslu, útreikning umboðslauna og gjalda, viðmiðunargengi og málsmeðferðarkosti varðandi kærur og bætur. Einnig ber að veita upplýsingar að lokinni slíkri færslu, sbr. 4. gr.

Stofnun sendanda skal annast færslu fjármuna milli landa innan þess frests sem samið hefur verið um, sbr. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Sé fresturinn ekki virtur eða hafi enginn frestur verið veittur skal stofnunin greiða sendanda bætur hafi féð ekki verið fært á reikning stofnunar viðtakanda fyrir lok fimmta bankadags frá samþykki færslubeiðninnar. Það sama á við þegar milliliður á sök á töfunum. Stofnun viðtakanda skal hafa féð til reiðu fyrir viðtakanda innan þess frests sem samið hefur verið um við hann, sbr. 2. mgr. 6. gr. Sé fresturinn ekki virtur eða hafi enginn frestur verið veittur skal stofnun viðtakanda greiða viðtakanda bætur hafi féð ekki verið fært á reikning hans við lok fyrsta bankadags eftir daginn sem féð var lagt á reikning stofnunar viðtakandans.

Ef réttar fjárhæðir eru ekki færðar á reikning stofnunar viðtakanda eftir að stofnun sendanda hefur samþykkt beiðni um færslu fjármuna milli landa skal stofnun sendanda leggja færslufjárhæðina inn á reikning sendanda, allt að 12.500 evrum auk vaxta og gjalda, sbr. 8. gr.

Þá er í 10. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að vöð sé á fullnægjandi

og skilvirkri málsmeðferð sem lýtur að kærur og bótum og nota má við lausn deilumála.

*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf*<sup>20</sup> er ætlað að stuðla að skilvirkum og hagkvæmum rekstri greiðslukerfa og uppgjörskerfa fyrir verðbréf yfir landamæri í bandalaginu og styrkja þar með frjálst fjármagnsflæði innan svæðisins. Jafnframt er tilskipuninni ætlað að efla enn frekar innri markaðinn, einkum að því er varðar þjónustufrelsi og frjálsa fjármagnsflutninga, með það í huga að gera efnahags- og myntbandalagið að veruleika.<sup>21</sup> Með tilskipuninni er leitast við að draga úr þeirri kerfisröskun sem verður ef gjaldþrotameðferð er hafin gagnvart einum þátttakanda í greiðslukerfi. Fram kemur í 9. lið aðfaraorða tilskipunarinnar að minnkun kerfisáhættu sé fyrst og fremst undir því komin að uppgjörið sé endanlegt og að hægt sé að krefjast fullnustu veðtrygginga.

Tilskipunin nær bæði til innlendra greiðslukerfa og uppgjörskerfa og þeirra kerfa sem ná yfir landamæri. Greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónun hafa réttaráhrif í lögsögu allra aðildarríkjanna og eru bindandi fyrir þriðju aðila. Tilskipunin kveður á um að ekki sé hægt að afturkalla greiðslufyrirmæli eftir það tímamark sem skilgreint er í reglum viðkomandi kerfis. Gjaldþrotameðferð má ekki hafa afturvirk áhrif á réttindi og skyldur þátttakanda í kerfinu. Komi til gjaldþrotameðferðar gagnvart þátttakanda í greiðslukerfi fer um réttindi og skyldur þátttakandans eftir þeim lögum sem gilda um viðkomandi kerfi. Þá skulu aðildarríkin tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar þau kerfi sem eiga að falla undir ákvæði tilskipunarinnar. Tilskipunin byggist á 100. gr. a (nú 95. gr.) Rómarsamningsins.

Auk framangreindra tilmæla og tilskipana samþykktu Evrópuþingið og ráðið þann 19. desember 2001 *reglugerð nr. 2560/2001 um evrugreiðslur milli landa*. Gerð er grein fyrir þessari reglugerð í umfjöllun um stefnu Evrópusambandsins hér aftar.

#### *EES-réttur*

Margar af þeim réttarreglum EB-réttar á sviði greiðslumiðlunar sem fjallað er um hér að framan

19. Stjtið. EB nr. L 43, 14.2.1997, bls. 25.

20. Stjtið. EB L 166, 11.16.1998, bls. 45.

21. Sjá 3. lið aðfaraorða tilskipunarinnar.

hafa verið felldar inn í EES-samninginn. EES-réttur á þessu sviði gengur þó nokkru skemmra en EB-réttur. Verður nú fjallað nánar um ákvæði EES-samningsins á þessu sviði.

Efnisreglur í EES-rétti um fjármagnsflutninga og greiðslur eru sambærilegar efnisreglum í EB-rétti eins og þær voru fyrir gildistöku Maastricht-samningsins. Kveðið er á um frjálsa fjármagnsflutninga í 40.-45. gr. EES-samningsins og í tilskipun 88/361/EBE sem er að finna í XII. viðauka samningsins. Með orðasambandinu frjálsir fjármagnsflutningar er annars vegar átt við frelsi til að yfirfæra fjármagn (og fjárfesta) almennt séð og í öðru lagi frelsi til að greiða svonefndar „gengar greiðslur“<sup>22</sup> í tengslum við vöruviðskipti og aðra þætti fjórfrelsisins. Gengar greiðslur eru alltaf tengdar tilteknum löggerningi sem er grundvöllur þeirra.<sup>23</sup> Um greiðslur er fjallað í 41. gr. EES-samningsins en þar segir að gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila innan ramma ákvæða samningsins skuli lausar við öll höft. Þessi grein svarar til þágildandi 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 106. gr. Rómar-samningsins.

EES-samningurinn tekur ekki til stefunnar í efnahagsmálum og peningamálum sem kveðið er á um í 98.-124. gr. (áður 102. gr. a - 109. gr. m) Rómar-samningsins. Þó er gert ráð fyrir samvinnu samningsaðila á þessu sviði í 46. gr. samningsins. Þannig skulu þeir skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samningsins og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þessi samvinna felur þó ekki í sér neinar skuldbindingar fyrir samningsaðilana.

Tvenn tilmæli og tvær tilskipanir á sviði greiðslumiðlunar hafa verið teknar inn í IX. viðauka EES-samningsins um fjármálaþjónustu með bæði altækri og sérstakri aðlögun,<sup>24</sup> þ.e. tilmæli 90/109/EBE um upplýsingaskyldu banka í sambandi við fjármála-viðskipti milli landa, tilmæli 97/489/EB um viðskipti með rafrænum greiðslumiðlum,<sup>25</sup> tilskipun 97/5/EB um færslu fjármuna milli landa<sup>26</sup> og tilskipun

98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf.<sup>27</sup> Fjallað er um efni þessara tilmæla og tilskipana hér að framan.

Tilmælin eru ekki lagalega bindandi hér á landi og hafa ekki verið lögfest sérstaklega. Tilskipun 97/5/EB hefur verið innleidd í íslenskan rétt, sbr. lög nr. 128/1999, um breyting á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, reglugerð um yfirfærslur á milli viðskiptareikninga á milli landa nr. 56/2000 og reglugerð um gjaldeyrismál nr. 679/1994. Tilskipun 98/26/EB hefur einnig verið lögfest hér á landi, sbr. lög um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum nr. 90/1990.<sup>28</sup>

### *Áhrif mismunar á réttarreglum í EB-rétti og EES-rétti*

Eins og fram hefur komið byggist afleiddur EB-réttur á sviði greiðslumiðlunar og greiðslukerfa á réttarreglum um innri markaðinn og efnahags- og myntbandalagið. Þessi tengsl eru rökrétt. Þróun innri markaðarins í Evrópu (og tollabandalagsins) gerði aðildarríkin háðari hvert öðru í efnahagslegu tilliti og leiddi af sér þörf á aukinni samvinnu þeirra í efnahagsmálum sem síðar skapaði forsendu fyrir stofnun myntbandalags. Upptaka sameiginlegrar peningamálastefnu og sameiginlegs gjaldmiðils hefur leitt af sér kröfu um að viðskipti og framkvæmd greiðslna yfir landamæri sé jafn auðveld og ódýr á milli landamæra sem innan þeirra.

Álitamál er hvaða áhrif það hefur á túlkun og frekari þróun EES-réttar á sviði greiðslumiðlunar og greiðslukerfa að lagalegur grundvöllur hans og markmið eru nokkuð annars eðlis en EB-réttar. Þar skiptir mestu máli að EES-samningurinn nær ekki með beinum hætti yfir efnahags- og myntbandalagið. EFTA-ríkin taka þannig ekki með beinum hætti þátt í verkefnum Evrópska seðlabankans á sviði greiðslumiðlunar þótt seðlabankar EFTA-ríkjanna hafi nokkurt samstarf við Evrópska seðlabankann sem m.a. getur varðað greiðslumiðlun.

22. Á ensku: current payments.

23. Stefán Már Stefánsson, bls. 503.

24. Um altæka og sérstaka aðlögun, sjá bókun 1 við EES-samninginn.

25. Sbr. ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 74/98 frá 17. júlí 1998.

26. Sbr. ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 1/98 frá 30. janúar 1998.

27. Sbr. ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 53/99 frá 30. apríl 1999.

28. Þegar þetta er ritað hefur Eftirlitsstofnun EFTA ekki gert formlegar athugasemdir við lögfestingu þessara tilskipana í EFTA-ríkjunum ef frá er talin lögfesting tilskipunar 98/26/EB í Liechtenstein.

Þá ber að hafa í huga að í 14. gr. (áður 7. gr. a) Rómarsamningsins er kveðið á um skyldu til að koma á innri markaði án landamæra. EES-samningurinn kveður hins vegar á um það markmið að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem grundvallað sé á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, sbr. 1. gr. samningsins.<sup>29</sup> Að því er varðar greiðslumiðlun er þó ekki rétt að gera mikið úr áhrifum þessa á upptöku nýrra gerða í EES-samninginn, innleiðingu þeirra í landsrétt EFTA-ríkjanna og beiðingu landsréttar á viðkomandi sviði. Sérstaklega ber að nefna að tvær tilskipanir (97/5/EB og 98/26/EB) um greiðslumiðlun sem byggjast á lagasamræmingarákvæði 100. gr. a (nú 95. gr.) Rómarsamningsins, en sú grein vísar til 14. gr. (áður 7. gr. a) samningsins, hafa verið teknar upp í IX. viðauka EES-samningsins um fjármálaþjónustu, eins og áður segir.

Að því er varðar þessar tilskipanir verður ekki séð að þessi munur á EB-rétti og EES-rétti á sviði greiðslumiðlunar hafi valdið sérstökum túlkunarsvanda.<sup>30</sup> Á hinn bóginn má reikna með að stofnanir EB, einkum framkvæmdastjórnin og Evrópski seðlabankinn, leggi á næstu árum aukna áherslu á tæknilega og lagalega samræmingu á ýmsum sviðum greiðslumiðlunar og greiðslukerfa sem miði að því að efla evruna sem sameiginlegan greiðslumiðil á innri markaðinum. Álitamál er hver staða nýrrar löggjafar á þessu sviði verður gagnvart EES-samningnum.

### *Stefna stofnana EB á sviði greiðslumiðlunar og greiðslukerfa*

Aðildarríki ESB höfðu frest fram til síðari hluta ársins 1999 til þess að lögfesta ofangreindar tilskipanir 97/5/EB og 98/26/EB.<sup>31</sup> Framkvæmdastjórnin

og Evrópski seðlabankinn hafa lagt mikla áherslu á að vandað sé til lögfestingar þessara tilskipana og er enn unnið að skoðun ýmissa álitaefna sem komið hafa upp í þeim efnum. Framkvæmdastjórnin hefur birt ýmsar niðurstöður þeirrar skoðunar á opinberum vettvangi.<sup>32</sup> Ekki er útilokað að gerðar verði einhverjar breytingar á ákvæðum þessara tilskipana þegar aukin reynsla hefur fengist af framkvæmd þeirra.

Þann 4. janúar 1999 var tekið í notkun stórgreiðslukerfi Evrópska seðlabankans (TARGET) sem er rauntímauppgjörskerfi fyrir háar greiðslufjárhæðir í evrum. Þá hafa bankasamtökin EBA<sup>33</sup> þróað greiðslukerfið EURO 1 fyrir háar greiðslur í evrum þar sem uppgjör fer fram fyrir milligöngu Evrópska seðlabankans. Greiðslukerfi einstakra aðildarríkja eru hins vegar enn afar ólík og samræmt smágreiðslukerfi<sup>34</sup> er ekki enn fyrir hendi í aðildarríkjunum. Framkvæmd smágreiðslna milli landa er því enn tímaflek og kostnaðarsöm.

Síðasta áratug hafa framkvæmdastjórnin, Evrópuþingið og Evrópski seðlabankinn lagt vaxandi áherslu á að draga úr kostnaði neytenda og fyrirtækja af peningafærslum milli landa. Í tengslum við upptöku seðla og myntar í evrum 1. janúar 2002 hefur það þótt óásættanlegt að þóknun sé hærrí fyrir greiðslur í evrum milli landa en innan þeirra. Slíkt ósamræmi hefur verið talið standa í vegi fyrir skilvirkni innri markaðarins og trausti almennings á evrunni. Því hefur skapast pólitískur þrýstingur á stofnanir bandalagsins til að knýja lánastofnanir í aðildarríkjunum til að draga verulega úr þessum kostnaði.

Í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir fjármagnsmarkað<sup>35</sup> frá 11. maí 1999, sem samþykkt var af ráðinu og Evrópuþinginu, er m.a. lögð áhersla á þróun samræmdra greiðslukerfa sem bjóði upp á örugga og samkeppnishæfa smágreiðsluþjónustu milli landa. Í framhaldi af aðgerðaáætluninni gaf framkvæmdastjórnin út umræðuskjal til ráðsins og

29. Stefán Már Stefánsson, bls. 118-131.

30. Hér má þó nefna að í ákvæðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/98 frá 30. janúar 1998 er tekið fram að ákvæði tilskipunarinnar skuli, að því er samninginn varðar, aðlöguð þannig að í 1. gr. hennar komi orðin „gjaldmiðlum aðildarríkjanna eða EFTA-ríkjanna“ í stað „gjaldmiðlum aðildarríkjanna“. Við túlkun þessa ákvæðis þurfti að leysa úr því álitamáli hvort svissneski frankinn, sem er lögeyrir í Liechtenstein, félli undir ákvæði tilskipunarinnar. Af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA var talið að svo væri og féllst framkvæmdastjórnin á þá túlkun.

31. Tímastofnunin var 14. ágúst 1999 að því er varðar tilskipun 97/5/EB. Í sameiginlegri yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar var hins vegar lýst yfir vilja aðildarríkjanna til að innleiða tilskipunina eigi síðar en 1. janúar 1999. Tímastofnunin var 11. desember 1999 að því er varðar tilskipun 98/26/EB.

32. Sjá [http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/en/finances/payment/directives/index.htm](http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/finances/payment/directives/index.htm). Að því er Eftirlitsstofnun EFTA varðar, sjá <http://www.efat.int/structure/SURV/efat-srv.asp>. Velja þarf Databases - Use AIDA.

33. Á ensku: Euro Banking Association.

34. Á ensku: retail payment system.

35. Á ensku: Framework for Financial Markets Action Plan, bls. 11.



Evrópuþingsins 31. janúar 2000 þar sem bent er á leiðir til þess að koma á sameiginlegu greiðslusvæði sem geri neytendum sem og litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að senda smágreiðslur milli landa jafn ódýrt og auðveldlega og innanlands.<sup>36</sup>

Þrátt fyrir tilkomu evrunnar og óskir framkvæmdastjórnarinnar hafa lánastofnanir þó almennt ekki séð sér fært að lækka þóknun fyrir framkvæmd greiðslufyrirmæla milli landa. Þetta hafa lánastofnanir rökstutt með tilvísun til ólíkrar uppbyggingar smágreiðslukerfa í einstökum ríkjum sem geri greiðslufærslur milli landa kostnaðarsamar.<sup>37</sup> Meðal-kostnaður neytenda vegna sendinga smágreiðslna milli landa hefur um alllangt skeið haldist í u.þ.b. 20 evrum. Litinn árangur í að lækka þennan kostnað má að hluta til rekja til lítillar samkeppni á meðal lánastofnana í greiðslumiðlun milli landa. Litinn árangur í að draga úr kostnaði lánastofnana við framkvæmd greiðslufyrirmæla má á hinn bóginn rekja til skorts á samvinnu þeirra í því að samræma ólík greiðslukerfi. Í nóvember 2001 gaf Evrópski seðlabankinn út skýrslu um samræmingu greiðslukerfa þar sem fjallað er um tæknilegar úrbætur á kerfislægum þáttum greiðslukerfa sem dregið gætu úr kostnaði lánastofnana við framkvæmd greiðslumiðlunar í evrum milli landa.<sup>38</sup>

Lítill árangur í þessum efnum leiddi að lokum til þess að Evrópuþingið og ráðið samþykktu 19. desember 2001, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, *reglugerð nr. 2560/2001 um evrugreiðslur milli landa*.<sup>39</sup> Reglugerðin er byggð, eins og framangreindar tilskipanir 97/5/EB og 98/216/EB, á 1. mgr. 95. gr. (áður 100. gr. a) Rómarsamningsins. Samkvæmt reglugerðinni skal þóknun lánastofnana fyrir rafrænar greiðslufærslur að fjárhæð allt að 12.500 evrum milli landa frá og með 1. júlí 2002 vera sú sama og þóknun fyrir sambærilegar færslur innanlands. Sama á við um almenna færslu fjármuna milli

landa frá og með 1. júlí 2003. Þann 1. janúar 2006 hækkar fjárhæðin í 50.000 evrur. Reglugerðin gildir ekki um færslu stofnana á fjármunum milli landa fyrir eigin reikning. Auk þess er í reglugerðinni kveðið á um skyldu stofnana til að veita upplýsingar um þóknun fyrir framkvæmd greiðslufærslna og notkun svonefndra IBAN- og BIC-númera. Þá er þeim Evrópusambandsríkjum sem ekki hafa tekið upp evruna gefinn kostur á að tilkynna framkvæmdastjórninni ákvörðun sína um að láta reglugerðina einnig ná til eigin gjaldmiðla. Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir hver ákvörðun stjórnvalda Bretlands, Danmerkur og Svíþjóðar verður í þessu efni.<sup>40</sup>

Sameiginlegur greiðslumiðill á sameiginlegum markaði, lækkun þóknunar fyrir evrugreiðslur milli landa, stytting færslutíma, aukin upplýsingagjöf, bótaréttur neytenda, traustari lagaumgjörð greiðslukerfa og önnur þau atriði sem kveðið er á um í gildandi EB-rétti fela í sér mikilvæg skref í myndun sameiginlegs greiðslusvæðis á innri markaði bandalagsins. Þó verður að hafa í huga að þessar breytingar eru til komnar vegna þvingaðra aðgerða stofnana bandalagsins. Enn er mikið verk óunnið við að skapa ýmis önnur skilyrði fyrir sameiginlegri miðlun smágreiðslna milli Evrópuríkja.

Að baki því markmiði stofnana bandalagsins að koma á sameiginlegu greiðslusvæði í ríkjum Evrópusambandsins felst víðtæk stefnumótun sem tekur til margra þátta á sviði greiðslumiðlunar.<sup>41</sup> Þess má vænta að vaxandi áhersla verði lögð á samræmingu kerfislægra þátta greiðslumiðlunar milli aðildarríkjanna. Enn eru greiðslukerfi einstakra ríkja afar ólík. Búast má við að reynt verði að koma á sameiginlegu smágreiðslukerfi fyrir evruna í aðildarríkjunum eða að reynt verði að samræma greiðslukerfi einstakra aðildarríkja þannig að þau geti virkað sem eitt heildstætt kerfi. Væntanlega munu framkvæmdastjórnin, Evrópski seðlabankinn og samtök evrópskra banka hafa samstarf um að leiða þessa þróun.<sup>42</sup>

36. Á ensku: Communication from the Commission to the Council and the European Parliament: Retail Payments in the Internal Market.

37. Varðandi greiðslukerfi einstakra ríkja má vísa til skýrslu Evrópska seðlabankans: Payment and Securities Settlement Systems in the European Union.

38. Á ensku: Towards an integrated infrastructure for credit transfers in euro.

39. Á ensku: Regulation (EC) No 2560/2001 of the European Parliament and of the Council of 19 December 2001 on cross-border payments in euro. Stjtið. EB L 344, 28.12.2001. bls. 13.

40. Þess má geta að þegar þetta er ritað er verið er að skoða hvort reglugerðin verði felld inn í EES-samninginn. Af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og EFTA-skrifstofunnar hefur óformlega verið talið að reglugerðin hafi þýðingu fyrir Evrópska efnahagssvæðið (á ensku: EEA relevance).

41. Jean Allix, bls. 337-359.

42. Þess má geta að bankasamtökin EBA (á ensku: The Euro Banking Association) áforma að taka í notkun smágreiðslukerfi fyrir evrur í áföngum. Sjá <http://www.abe.org>.

Sú deild framkvæmdastjórnarinnar sem fer með málefni innri markaðarins<sup>43</sup> kynnti vinnuskjal á fundi sérfræðinganefndar EB- og EFTA- ríkjanna í greiðslumiðlun 17. janúar 2002 þar sem fjallað er um þau atriði sem framkvæmdastjórnin telur að skipti máli við mótnun nýrrar löggjafar fyrir sameiginlegt greiðslusvæði á innri markaðinum.<sup>44</sup>

Í skjalinu kemur fram það mat að rétt sé að móta samræmda heildarlöggjöf í bandalagsrétti fyrir greiðslumiðlun. Gildandi réttarheimildir hafi verið settar með nokkuð tilviljanakenndum hætti til þess að bæta úr ágöllum á tilteknum sviðum greiðslumiðlunar. Heildarlöggjöf sé til þess fallin að samræma og einfalda reglur og auka réttaröryggi<sup>45</sup> á þessu sviði. Í samræmi við meginregluna um nálægð<sup>46</sup> verði ný löggjöf takmörkuð við þá þætti sem betur eigi heima í bandalagsrétti en í landsrétti. Að teknu tilliti til eðlis greiðslumiðlunar milli landa sé hins vegar þörf á sameiginlegum reglum á ýmsum sviðum. Jafnframt verði skoðað hvort rétt sé að hætta að greina á milli innlendrar greiðslumiðlunar og greiðslumiðlunar milli landa eins og gert hefur verið í afleiddri löggjöf hingað til. Þannig verði litið á greiðslumiðlun á evrusvæðinu sem greiðslumiðlun á heimasvæði.<sup>47</sup> Einnig verði reynt að meta áhrif nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni á greiðslumiðla og greiðslukerfi með það að markmiði að greina þarfir fyrir setningu reglna á nýjum sviðum og að koma í veg fyrir að ný löggjöf hindri tækniþróun. Þá verði lögð áhersla á að auka lagalegt og tæknilegt öryggi í greiðslumiðlun.

Þessar tillögur um stefnumótun á sviði greiðslumiðlunar eru nú til skoðunar hjá stjórnvöldum Evrópusambandsríkjanna.

### *Staða EFTA-ríkjanna*

EFTA-ríkin þurfa að taka afstöðu til markmiða Evrópusambandsins um sameiginlegt greiðslusvæði á innri markaðinum og þeirrar öru þróunar sem vænta má í greiðslumiðlun í framtíðinni. Nefna má eftirfarandi atriði sem rétt er að hafa í huga:

43. Á ensku: Internal Market DG.

44. Á ensku: A new legislative Framework for the Single Payment Area in the Internal Market.

45. Á ensku: legal certainty.

46. Á ensku: principle of subsidiarity.

47. Á ensku: domestic payment area.

Í *fyrsta lagi* þarf að taka virkan þátt í samstarfi sérfræðinga aðildarríkja EB og EFTA á sviði greiðslumiðlunar þar sem miðlað er upplýsingum um lagalega og tæknilega þróun á þessu sviði.<sup>48</sup> Fulltrúar EFTA-ríkjanna hafa þar tækifæri til að kynna fyrir fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og Evrópusambandsríkjanna sérstöðu EFTA-ríkjanna á þessu sviði.

Í *öðru lagi* þarf að kanna hvort það leiði af EES-samningnum að nýjar gerðir á sviði greiðslumiðlunar sem samþykktar kunnu að verða af hálfu stofnana EB falli undir gildissvið samningsins. Í 4. málsgrein inngangsorða EES-samningsins segir að markmið samningsins sé að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist m.a. á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisreglum. Í 1. málsgrein 102. gr. samningsins segir að til þess að tryggja réttaröryggi og einsleitni Evrópska efnahagssvæðisins skuli sameiginlega EES-nefndin taka ákvörðun um breytingu á viðauka við samninginn eins fljótt og unnt er, eftir að bandalagið hefur samþykkt nýja samsvarandi löggjöf bandalagsins, með það að markmiði að unnt sé að beita samtímis þeirri löggjöf og breytingunum á viðaukunum við samninginn.

Almennt verður tiltekin ný gerð talin hafa þýðingu fyrir Evrópska efnahagssvæðið<sup>49</sup> þannig að hana beri að taka inn í EES-samninginn ef hún breytir eldri gerð sem þegar hefur verið tekin inn í viðauka við samninginn. Ef ekki er um slíka breytingu á eldri gerð að ræða þarf að meta mikilvægi gerðarinnar fyrir markmið EES-samningsins. Almennt yrði talið að fella beri nýja gerð inn í samninginn ef hún stuðlar að einsleitni Evrópska efnahagssvæðisins og grundvallast á fjórfrelsinu, samkeppnisreglum eða samvinnunni utan fjórfrelsisins þannig að hún falli undir tiltekið efnissvið viðauka eða bókunar með samningnum. Meta verður þýðingu nýrra gerða á sviði greiðslumiðlunar fyrir EES-samninginn í þessu ljósi.

Þess ber sérstaklega að geta að þróun innri markaðarins er eitt meginmarkmið aukinnar samræmingar í greiðslumiðlun í bandalagsrétti. Telja verður að fram til þessa hafi verið keppt að einsleitni á þessu sviði enda hafa nú þegar tvær tilskipanir um

48. EFTA-ríkin hafa tekið þátt í störfum hóps sérfræðinga EB-ríkjanna á sviði greiðslukerfa (á ensku: group of payment systems government experts).

49. Á ensku: EEA relevance.

greiðslumiðlun sem byggðar eru á lagasamræmingarákvæði 100. gr. a (nú 95. gr.) Rómarsamningsins verið teknar upp í IX. viðauka EES-samningsins, eins og fram hefur komið.

*Í þriðja lagi* þarf að meta hvort æskilegt kunni að vera að óska eftir því að felldar verði inn í EES-samninginn nýjar gerðir á sviði greiðslumiðlunar sem vafi leikur á að heyri undir samninginn. Slík afstaða byggðist þá á því að ástæða væri til að auka lagalegt samræmi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna á þessu sviði umfram það sem beinlínis leiðir af EES-samningnum. Vera má að slíkt samræmi sé æskilegt til þess að koma í veg fyrir að ný EB-löggjöf, sem annars yrði ekki tekin inn í samninginn, dragi úr einsleitni á öðrum sviðum samningsins, t.d. að því er varðar fjármálaþjónustu, fjármagnsflutninga og neytendavernd. Væntanlega þyrfti í slíkum tilvikum að kveða á um sérstaka aðlögun fyrir viðkomandi gerð í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

*Í fjórða lagi* getur komið til þess að EFTA-ríkin, sameiginlega eða ein sér, ákveði einhliða að breyta landsrétti, stjórnisylslufrákvæmd eða tilteknum tæknilegum kröfum til samræmis við breytingar sem kunnu að verða gerðar af hálfu stofnana EB á sviði greiðslumiðlunar og ekki verða felldar undir samstarfið á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

*Í fimmta lagi* kemur til greina að huga að mótun stefnu EFTA-ríkjanna varðandi samvinnu á sviði efnahags- og peningamála sem tengjast greiðslumiðlun í Evrópu. Gert er ráð fyrir samvinnu á þessu sviði í 46. gr. EES-samningsins, eins og fram hefur komið.<sup>50</sup> Örugg greiðslumiðlun og greiðslukerfi eru meðal meginmarkmiða evrópska seðlabankakerfisins og tengist peningamálastefnu þess í víðtækum skilningi. Svipað á við að því er varðar Seðlabanka Íslands og Seðlabanka Noregs.<sup>51</sup> Þannig kæmi til greina að leita eftir auknu samstarfi seðlabanka EFTA-ríkjanna við Evrópska seðlabankann á sviði greiðslumiðlunar.<sup>52</sup>

50. Greinin hljóðar svo: „Samningsaðilar skulu skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samnings þessa og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þeir geta enn fremur rætt stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum. Þessi skipti á skoðunum og upplýsingum skulu fara fram án nokkurra skuldbindinga.“

51. Ekki er starfandi seðlabanki í Liechtenstein.

52. Efnahags- og myntbandalag Evrópu - EMU, bls. 68.

Huga þarf að þátttöku greiðslukerfa í EFTA-ríkjunum í því þróunar- og samræmingarferli greiðslukerfa sem unnið er að hjá Evrópska seðlabankanum og samtökum banka. Telja verður að lagalegar forsendur fyrir slíku samstarfi séu fyrir hendi. Samkvæmt 22. gr. stofnsamþykktta evrópska seðlabankakerfisins og Evrópska seðlabankans getur bankinn gefið út reglugerðir til þess að tryggja skilvirk og örugg greiðslukerfi ekki aðeins innan bandalagsins heldur einnig við önnur ríki. Þá kveður 23. gr. stofnsamþykktanna á um að Evrópski seðlabankinn geti stofnað til samstarfs við seðlabanka og fjármálastofnanir í öðrum ríkjum.

Í þessu samhengi er sérstaklega mikilvægt að kanna möguleika EFTA-ríkjanna á að tengja greiðslukerfi sín við stórgreiðslukerfi Evrópska seðlabankans, TARGET, eða önnur greiðslukerfi á vegum stofnana bandalagsins. Fram til þessa hefur slík tenging verið takmörkunum háð. Ýmis rök má færa fram fyrir rétti lánastofnana í EFTA-ríkjunum til aðgangs að þessum greiðslukerfum:

- a) Réttur til þátttöku í greiðslukerfum á vegum bandalagsins er til þess fallinn að stuðla að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði, sbr. 1. gr. EES-samningsins. Slíkur réttur stýðst þannig við meginmarkmið samningsins.
- b) Eins og rakið er hér að framan er samræming greiðslukerfa lykilatriði í væntanlegri löggjöf bandalagsins á sviði greiðslumiðlunar. Kjósi EFTA-ríkin að taka virkan þátt í mótun sameiginlegs greiðslusvæðis á innri markaðinum þannig að það nái til alls Evrópska efnahagssvæðisins hlýtur sú ákvörðun að fela í sér þá forsendu að þau öðlist sambærilega heimild til að tengjast greiðslukerfum bandalagsins og þau Evrópusambandsríki sem ekki hafa tekið upp evruna.
- c) Í *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana*<sup>53</sup> er kveðið á um grunnreglur varðandi starfsemi lánastofnana yfir landamæri ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Greiðslumiðlun er einn meginþáttur í starfsemi lánastofnana, sem tilgreindur er í skrá yfir starfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu skv. I. viðauka við tilskip-

53. Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.



unina. Lánastofnanir hafa þannig heimild til að stunda greiðslumiðlunarþjónustu yfir landamæri, annaðhvort á grundvelli staðfesturéttar eða þjónustufrelsis. Forsenda þess að lánastofnun í ríki A geti boðið fullnægjandi greiðslumiðlunarþjónustu í ríki B er að lánastofnunin fái aðgang að hentugu greiðslumiðlunarkerfi í ríki B. Telja verður að það leiði af fjórfrelsinu og tilskipun 2000/12/EB að lánastofnanir hafi rétt á aðgangi að greiðslukerfum í öðrum EES-ríkjum ef slíkur aðgangur er forsenda þess að lánastofnanir geti nýtt rétt sinn til að veita þjónustu á sömu samkeppnisforsendum og gilda fyrir aðrar lánastofnanir.

- d) EB- og EES-réttur á sviði fjármálaþjónustu hefur m.a. það markmið að jafna samkeppnisskilyrði lánastofnana.<sup>54</sup> Mismunurinn að því er varðar heimildir lánastofnana til tengingar við sameiginleg greiðslukerfi í bandalaginu verður að teljast í ósamræmi við þessi markmið. Þá hefur framkvæmdastjórnin gefið út leiðbeinandi reglur um beitingu samkeppnisreglna að því er varðar greiðslur milli landa.<sup>55</sup> Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út samsvarandi reglur.<sup>56</sup> Þar er m.a. fjallað um þátttöku lánastofnana í greiðslukerfum. Í 24. lið reglnanna segir að ef þátttaka í greiðslukerfi er nauðsynleg forsenda fyrir samkeppni á tilteknum markaði<sup>57</sup> skuli kerfið heimila þátttöku, enda uppfylli viðkomandi lánastofnun þátttökuskilyrði kerfisins. Samkvæmt 25. lið reglnanna verða þátttökuskilyrði að byggjast á hlutlægum og réttlátum forsendum. Slík skilyrði geta t.d. varðað fjárhagslega stöðu lánastofnunar, tæknilegar forsendur, stjórnunarhæfni og lánstraust. Framkvæmdastjórnin hefur tekið til skoðunar nokkur mál þar sem reynt hefur á beitingu leiðbeiningarreglnanna.<sup>58</sup> Þá hefur framkvæmdastjórnin talið að samkeppnisákvæði 1. mgr. 81. gr. (áður 85. gr.) Rómarsamningsins eigi við um færslur milli banka svo og milli viðskiptavina þeirra í greiðslukerfinu TARGET.<sup>59</sup>

54. Sjá t.d. 5. tl. aðfaraorða tilskipunar 2000/12/EB.

55. Stjtið. EB C 251, 27.9.1995, bls. 3.

56. Á ensku: Notice of the EFTA Surveillance Authority concerning the application of the EEA competition rules to cross-border credit transfers of 4 June 1997.

57. Á ensku: essential facility.

58. Luc Gyselen, bls. 359-362.

Að því er varðar aðgang að TARGET, hefur Evrópski seðlabankinn gefið út leiðbeiningarreglur þar sem m.a. er kveðið á um skilyrði fyrir aðgangi að kerfinu.<sup>60</sup> Samkvæmt reglunum er aðgangur lánastofnana EFTA-ríkjanna að kerfinu eingöngu mögulegur í gegnum stórgreiðslukerfi (RTGS) seðlabanka einhvers ESB-ríkjanna 12 sem tekið hafa upp evruna. Ekki er þó skilyrði að viðkomandi lánastofnun hafi sett upp útibú í því ESB-ríki.<sup>61</sup> Slíkur aðgangur er þannig ekki mögulegur í gegnum stórgreiðslukerfi seðlabanka í EFTA-ríki.

#### Lokaorð

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim reglum í EES-rétti sem liggja til grundvallar íslenskum reglum á sviði greiðslumiðlunar. Einnig hefur verið fjallað um þann mun sem er á EB-rétti og EES-rétti á þessu sviði. Þá hefur verið gerð grein fyrir þeirri stefnu sem stofnanir EB hafa kynnt varðandi greiðslumiðlun og hvernig haga megir samstarfi EFTA-ríkjanna við stofnanir EB á þessu sviði í framtíðinni.

Stofnanir EB hafa sett sér háleit markmið um að koma á sameiginlegu greiðslusvæði á innri markaðinum. Þess má vænta að á næstu árum verði unnið með skipulegum hætti að því að ná þessum markmiðum, bæði með nýrri löggjöf og samræmingu kerfislægra þátta á sviði greiðslumiðlunar í Evrópu.

Fyrir utan hina lagalegu skuldbindingu um að lögfesta reglur varðandi innri markaðinn og að viðhalda einsleitni Evrópska efnahagssvæðisins er líklegt að þátttaka Íslands í þróunarferli því sem nú fer fram á sviði greiðslumiðlunar sé til þess fallin að stuðla að öryggi íslenskra greiðslukerfa og skilvirkni fjármagnsmarkaða til hagsbóta fyrir fjármálastofnanir, fjárfesta og neytendur. Því má búast við að íslensk stjórnvöld og stjórnvöld annarra EFTA-ríkja telji það þjóna hagsmunum sínum að efla samvinnuna á þessu sviði, jafnvel umfram það sem beinlínis kann að leiða af skuldbindingum EES-samningsins.

59. Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um samkeppnismál, bls. 34.

60. Á ensku: Guideline of the European Central Bank of 26 April 2001 on a Trans-European Automated Real-time Gross Settlement Express Transfer System (Target). Stjtið. EB L 140, 24.5.2001, bls. 72.

61. Sbr. enska hugtakið remote access.

## Heimildir

*A new legislative framework for the Single Payment Area in the Internal Market.* Vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar (ódag.). MARKT/208/2001.

*Communication from the Commission to the Council and the European Parliament: Retail Payments in the Internal Market.* Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar, 31. janúar 2001. COM(2000) 36 Final.

Craig, Paul, og Gráinne de Búrca: *EU Law. Texts, Cases and Materials.* Second Edition, Oxford University Press, Oxford 1998.

Efnahags- og myntbandalag Evrópu. *Aðdragandi og áhrif stofnunar EMU.* Sérít Seðlabanka Íslands. 2. útgáfa, október 1997.

*Framework for Financial Markets Action Plan.* Aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar, 11. maí 1999. COM(1999)232.

Gyselen, Luc: *EU Antitrust Law in the Area of Financial Services.* Fordham Corporate Law Institute, 23rd Annual Conference on International Antitrust Law and Policy, október 1996, bls. 329-393.

Hallgrímur Ásgeirsson: *Þróun greiðslu- og uppgjörskerfa.* Peningamál, 2001/4, bls. 75-78.

Allix, Jean: *La politique communautaire dans le domaine des moyens de paiement : l'espace unique de paiement.* Revue Européenne de Droit de la Consommation, 2000, 4. töl., bls. 337-359.

Kapteyn, P.J.G., og P. VerLoren van Themaat: *Introduction to the Law of the European Communities. From Maastricht to Amsterdam.* Third Edition, Kluwer Law International, London 1998.

*Payment and Securities Settlement Systems in the European Union.* Skýrsla Evrópska seðlabankans, júní 2001.

*Report XXVII on Competition Policy 1997.* Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar, 1998. COM (98) 208 Final.

Stefán Már Stefánsson: *Evrópusambandið og Evrópska efnahagsvæðið,* Reykjavík 2000.

*Towards an integrated infrastructure for credit transfers in euro.* Skýrsla Evrópska seðlabankans, nóvember 2001.

Tómas Örn Kristinsson: *Greiðslukerfi – ný viðmið.* Peningamál, 2000/4, bls. 58-63.

## Réttarheimildir og skýrslur sem finna má á veraldarvefnum

### Frumréttur

Treaty establishing the European Community (Rómarsamningurinn).  
[http://europa.eu.int/eurllex/en/treaties/dat/ec\\_cons\\_treaty\\_en.pdf](http://europa.eu.int/eurllex/en/treaties/dat/ec_cons_treaty_en.pdf)

Treaty on European Union (Maastrichtsamningurinn).  
[http://europa.eu.int/eurllex/en/treaties/dat/eu\\_cons\\_treaty\\_en.pdf](http://europa.eu.int/eurllex/en/treaties/dat/eu_cons_treaty_en.pdf)

Samningurinn um Evrópska efnahagsvæðið.  
<http://www.ees.is/interpro/utanr/utanrad.nsf/pages/wpp0144>

## Afleiddur réttur

Regulation (EC) No 2560/2001 of the European Parliament and of the Council of 19 December 2001 on cross-border payments in euro.

[http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/en/finances/payment/area/ec01-2560\\_en.pdf](http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/finances/payment/area/ec01-2560_en.pdf)

Tilskipun ráðsins 88/361/EBE frá 24. júní 1988 um framkvæmd 67. greinar sáttmálans.

[http://www.ees.is/ees.nsf/pages/1F2881D912F5F92000256700004E1720/\\$file/38810361.pdf](http://www.ees.is/ees.nsf/pages/1F2881D912F5F92000256700004E1720/$file/38810361.pdf)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa.

[http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/114873BFD38E5DA5002567B7003CEF32/\\$file/397L0005.pdf](http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/114873BFD38E5DA5002567B7003CEF32/$file/397L0005.pdf)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf.

[http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/AE659A6C1CC0AB380025699D0004B450/\\$file/398L0026.pdf](http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/AE659A6C1CC0AB380025699D0004B450/$file/398L0026.pdf)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana.

[http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/102196D91449D04100256AE00034F941/\\$file/300L0012.pdf](http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/102196D91449D04100256AE00034F941/$file/300L0012.pdf)

Commission Recommendation 87/598/EEC of 8 December 1987 on a European Code of Conduct relating to electronic payment (Relations between financial institutions, traders and service establishments, and consumers).

[http://europa.eu.int/smartapi/cgi/sga\\_doc?smartapi!celexapi!prod!CELEXnumdoc&lg=en&numdoc=31987H0598&model=guichett](http://europa.eu.int/smartapi/cgi/sga_doc?smartapi!celexapi!prod!CELEXnumdoc&lg=en&numdoc=31987H0598&model=guichett)

Commission Recommendation 88/590/EEC of 17 November 1988 concerning payment systems, and in particular the relationship between cardholder and card issuer.

[http://europa.eu.int/smartapi/cgi/sga\\_doc?smartapi!celexapi!prod!CELEXnumdoc&lg=en&numdoc=31988H0590&model=guichett](http://europa.eu.int/smartapi/cgi/sga_doc?smartapi!celexapi!prod!CELEXnumdoc&lg=en&numdoc=31988H0590&model=guichett)

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 90/109/EBE frá 14. febrúar 1990 um upplýsingaskyldu banka í sambandi við fjármálaviðskipti milli landa.

[http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/E32B837B0AF68B720025670004E11F1/\\$file/390x0109.pdf](http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/E32B837B0AF68B720025670004E11F1/$file/390x0109.pdf)

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/489/EB frá 30. júlí 1997 um viðskipti með rafrænum greiðslumiðlum.

[http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/3EB88C447565D55A002567B700420A37/\\$file/397X0489.pdf](http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/3EB88C447565D55A002567B700420A37/$file/397X0489.pdf)

Notice of the EFTA Surveillance Authority concerning the application of the EEA competition rules to cross-border credit transfers of 4 June 1997.

<http://www.efta.int/docs/surv/ProceduresGuidelines/CompetitionProcedures/3876-credits.htm>

Guideline of the European Central Bank of 26 April 2001 on a Trans-European Automated Real-time Gross Settlement Express Transfer System (Target).

[http://www.ecb.int/pub/legal/l\\_14020010524en00720086.pdf](http://www.ecb.int/pub/legal/l_14020010524en00720086.pdf)

### *Samþykktir*

Protocol on the Statute of the European System of Central Banks and of the European Central Bank.

<http://www.ecb.int/> Veljið: About the EBC - Legal texts.

### *Skýrslur*

Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Aðdragandi og áhrif stofnunar EMU. Sérít Seðlabanka Íslands.

<http://www.sedlabanki.is/uploads/files/serrit-2.pdf>

Communication from the Commission to the Council and the European Parliament: Retail Payments in the Internal Market.

[http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/en/finances/payment/news/com2k36en.pdf](http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/finances/payment/news/com2k36en.pdf)

Framework for Financial Markets Action Plan.

[http://europa.eu.int/comm/internal\\_market/en/finances/general/actionen.pdf](http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/finances/general/actionen.pdf)

Payment and Securities Settlement Systems in the European Union.

<http://www.ecb.int/pub/pdf/bluebook2001.pdf>

Towards an integrated infrastructure for credit transfers in euro.

<http://www.ecb.int/pub/pdf/credtransfeuroecofin.pdf>

Report XXVII on Competition Policy 1997.

[http://europa.eu.int/comm/competition/publications/broch97\\_en.pdf](http://europa.eu.int/comm/competition/publications/broch97_en.pdf)